

Greinargerð með ársreikningi 2010

Inngangur


Ársreikningur Bæjarsjóðs Bolungarvíkur er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Starfsemin skiptist í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjáfstæðar einingar. Hagnaður af rekstri A-sjóðs var 11,4 m.kr þrátt fyrir að A-hlutinn leggi B-hluta til 14 m.kr, aðallega vegna félagslegra íbúða.

Rekstrartekjur Bolungarvíkurkaupstaðar námu 637 milljónum króna á árinu 2010 samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta og lækka því um 61 milljón á milli ára. Þar af námu tekjur A – hluta 512 milljónum og voru 26 milljónum undir áætlun. Útsvarstekjur lækka um 59 milljónir króna á milli ára, en auk þess lækka framlög Jöfnunarsjóðs um 40 milljónir króna frá fyrra ári.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,94% en það er 13,28% lögbundið hámark þess að viðbættu 5% álagi. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,5% vegna íbúðarhúsnæðis, 1,32% vegna atvinnuhúsnæðis og 1,32% vegna opinbers húsnæðis. Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um kr. 28,8 milljónir króna, en áætlun gerði ráð fyrir 34 milljón króna hagnaði.. Þar af var rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 11,4 milljónir.

Eigið fé A-hluta var 332 milljónir króna í lok árs, en eigið fé samstæðunnar var 123 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld A-hluta námu alls 280 milljónum króna á árinu og stóðu því í stað frá árinu 2009. Laun í B-hluta hækkuðu hinsvegar úr 25 í 30 milljónir, aðallega vegna aukinna umsvifa Bolungarvíkurhafnar. Línurit 1 sýnir þróun og skiptingu skatttekna A-sjóðs undanfarin ár. Þá má einnig sjá tekjur undanfarinna ára á verðlagi ársins 2010, ásamt því hvernig vísitala neysluverðs hefur þróast á sama tímabili.



Rekstur – frávik frá fjárhagsáætlun

00 Skatttekjur Stærstu frávikin í rekstrinum frá fjárhagsáætlun eru frávik í tekjum. Þar munar mest um frávik í framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en framlög sjóðsins eru 16 m.kr lægri en gert var ráð fyrir í áætlun. Þar munar mest um svokallað aukaframlag sem er 10 m.kr undir áætlun og tekjujöfnunarframlag sem er 5 m.kr undir áætlun, en samtals eru framlög Jöfnunarsjóðs 40 m.kr lægri en árið á undan og hafa þannig lækkað um 29% á einu ári. Útsvarstekjurnar eru 6 m.kr undir áætlun eða 2% undir áætlun.

02 Félagsþjónustan fer samtals 6 m.kr fram úr áætlun, sem skýrist af nokkrum þáttum, m.a. af meiri fjárhags- og félagslegri aðstoð en gert var ráð fyrir og auknum greiðslum í húsaleigubætur.

04 Fræðslumál eru 3,5 m.kr eða 1,5% dýrari en gert var ráð fyrir sem skýrist af meiri útgjöldum í Grunnskóla og minni tekjum í mótuneyti en áætlanir gerðu ráð fyrir.

05 Menningarmál víkja verulega frá áætlun eða samtals um 8 m.kr sem stafar af því að 3 m.kr styrkur til Ósvarar kom ekki til greiðslu á árinu, en auk þess var mismunur á rekstrarkostnaði við safnið og seldum aðgangi rúmlega 2 m.kr meiri en gert var ráð fyrir, aðallega vegna launa. Þá hafði sammingsbundið framlag til Byggðasafns Vestfjarða fallið út úr áætlun, sem skýrir 1,5 m.kr mun.

06 Íþróttá og æskulýðsmál víkja 4,5 m.kr frá áætlun sem skiptist þannig að íþróttamiðstöðin fer tæpar 3 m.kr fram úr áætlun, en íþróttasvæðið á Skeiði u.þ.b. 1 m.kr. Frávikin stafa aðallega af því að orkukostnaðurinn hefur verið um 1,3 m.kr., þá er minni aukningu í aðgangseyri íþróttamiðstöðvar en áætlun gerði ráð fyrir, en auk þess eru reiknuð afnot skóla lægri. Aðsókn að íþróttamiðstöðinni og tekjurnar hafa hinsvegar verið verulega vaxandi undanfarin ár.

07 Brunamál víkja u.þ.b. 1,6 m.kr frá áætlun, þar af eru laun u.þ.b. 1 m.kr hærri en ráð var fyrir gert og annar rekstrarkostnaður 0,6 m.kr hærri.

08 Hreinlætismál víkja frá áætlun um u.þ.b. 1 m.kr. sem skiptist nokkuð jafnt á milli sorpmála og heilbrigðiseftirlits.

09 Skipulagsmálin eru 2,6 m.kr yfir áætlun sem stafar af því að ekki eru komnar inn allar endurgreiðslur sem sveitarfélagsið á rétt á frá Skipulagsstofnun vegna aðalskipulags.

10 Umferðar og samgöngumál eru 0,8 m.kr yfir áætlun sem stafar af meiri kostnaði við viðhald gatna og götulýsingu.


11 Umhverfismálin fara u.þ.b. 3,3 m.kr fram úr áætlun, en undir þann lið falla m.a. hirðing opinna svæða og hreinsun bæjarlandsins.

13 Atvinnumál Á móti framúrkeyrslu í umhverfismálum kemur að styrkur til uppbyggingar tjaldsvæðis er bókaður á atvinnumál og er þar jákvæður mismunur að upphæð 3,6 m.kr. Saman fara þessir liðir því ekki fram úr áætlun.

20 Framlög til B-hluta fyrirtækja Stærstu frávikin gjaldamegin stafa af framlagi A-sjóðs til B-hluta sjóða, samtals 14,1 m.kr. Þar er annars vegar um að ræða framlag til félagslegra íbúða að upphæð 10,5 m.kr og hinsvegar framlag til vatnsveitu að upphæð kr. 3,6 m.kr.

Sjóðstreymi – veltufé frá rekstri

Á árinu 2010 var veltufé frá rekstri A- og B- hluta samtals 74 m.kr en handbært fé frá rekstri 91 m.kr. Þar af var veltufé frá rekstri A- hluta 31 m.kr.



Línurit 2


Afborganir langtímalána námu 96 m.kr og vantaði því 21 m.kr til að veltufé frá rekstri nægði fyrir afborgunum langtímalána. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru 796 m.kr og tæki því 10,8 ár að greiða þær upp m.v. að veltufé frá rekstri væri 74 m.kr á ári áfram og allt notað til niðurgreiðslu skulda. Rétt er að vekja athygli á að afborganir næsta árs eru 101 m.kr sem jafngildir því að langtímaskuldir ættu að greiðast upp á 7,9 árum, sem auðvitað er allt of stíf krafa um niðurgreiðslu fyrir sveitarfélag. Því er eðlilegt að leitað verði leiða til að lengja niðurgreiðslutímann.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 95 m.kr. á árinu. Þar af 59 milljónir í fasteignum, 23 m.kr hjá Bolungarvíkurhöfn og 13 m.kr í áhöldum og tækjum.

Engin ný langtímalán voru tekin á árinu.

Hafnarsjóður

Rekstur hafnarsjóðs gekk vel á árinu 2010 og var hagnaður af rekstrinum 15,2 m.kr. Tekjur hafnarsjóðs voru 72,2 m.kr og höfðu aukist um 37% frá árinu 2009.



Vatnsveita

Vatnsveitan var rekin með 2,6 m.kr. halla þrátt fyrir rekstrarframlag frá aðalsjóði að upphæð kr. 3,6 m.kr. Rekstrargjöld voru í takt við fjárhagsáætlun, en afkoman var svipuð og áætlun gerði ráð fyrir ef ekki er tekið tillit til rekstrarframlagsins frá aðalsjóði, sem áætlunin gerði ekki ráð fyrir.

Fráveita

Fráveitan var rekin með 4,8 m.kr hagnaði, sem þýðir að ef vatnsveita og fráveita eru teknar saman þá er lítillegur halli á rekstri þeirra.

Félagslegar íbúðir

Félagslegar íbúðir þurftu rekstrarframlag frá aðalstjóð að upphæð 10,5 m.kr til þess að reksturinn gengi upp. Á árinu 2009 voru felldar niður 73 m.kr hjá Íbúðalánasjóði. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gerði tillögu um að tvöföld sú upphæð yrði felld niður, en stjórn íbúðalánasjóðs ákvað að fella niður helminginn þá strax, en bíða í eitt ár með ákvörðun um seinni hlutann eða aðrar 73 m.kr. Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar gerði ráð fyrir að það gengi eftir á árinu 2010. Það gerðist ekki og er því reiknað með að sú niðurfelling fari fram á árinu 2011.

Í skýringu nr. 17 í ársreikningi Bolungarvíkurkaupstaðar segir:

„Á árinu 2009 voru skuldir við Íbúðalánasjóð lækkaðar um 73 millj. kr. og í fjárhagsáætlun 2010 var reiknað með að síðari hluti niðurfellingar frá Íbúðalánasjóði næði fram að ganga eða samtals 73 m.kr. Það gekk ekki eftir. Af því tilefni skrifaði Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) stjórn Íbúðalánasjóðs (ÍLS) bréf þar sem þess er farið á leit við stjórnina að umræddar 73 millj. kr. af skuldum Bolungarvíkurkaupstaðar vegna félagslegra íbúða verði felldar niður. Í bréfinu kemur fram að bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur staðið við sinn hluta samningsins við EFS. Enn fremur kemur fram að gangi niðurfelling lána ÍLS ekki eftir eins og reiknað var með þá telji EFS að hún hafi ekki fullnægt þeim fyrirheitum sem nefndin tók að sér að hafa milligöngu um með samningnum. Af þessum sökum er reiknað með því í fjárhagsáætlun árið 2011 að 73 millj. kr. af skuldum Bolungarvíkurkaupstaðar við ÍLS verði felldar niður.“

Rekstur félagslegra íbúða á árinu 2010 ber það klárlega með sér að lækka þarf skuldarnar eins og stefnt var að, þótt það eitt og sér hefði samt ekki dugað til að endar næðu saman. Það er því afar brýnt að þau fyrirheit sem lagt var upp með í samningi við EFS gangi eftir, enda hafa Bolvíkingar þegar lagt sitt af mörkum í tengslum við samninginn, m.a. með greiðslu álags á útsvar á árinu 2009 og 2010, sem nemur nálægt 50 m.kr.

Niðurlag

Þótt alltaf megi gera betur, þá má segja að rekstur Bolungarvíkurkaupstaðar á árinu 2010 sé viðunandi. Bæði A- og B-hluti eru reknir með hagnaði þrátt fyrir gríðalega lækkun tekna á milli ára, en Skatttekjur A-hluta hafa lækkað um 126 m.kr að raunvirði á milli ára eða um 23%.

Mikilvægt er að gæta áfram aðhalds í rekstrinum og fara varlega í fjárfestingar á meðan séð verður hverju fram vindur í þjóðarbúskapnum.

Bolungarvík 5. maí 2011
Elías Jónatansson